



**Heiti verkefnis: Átak til að rjúfa félagslega einangrun heyrnarskertra og vinna á móti mismunun.**

**Styrkþegi: Heyrnarhjálp, félag heyrnarskertra á Íslandi.**

**Rittúlkun**, leið til að rjúfa félagslega einangrun heyrnarskertra og vinna á móti mismunun.

Markmið verkefnisins var að opna leiðir sem hafa verið heyrnarskertum lokaðar. Fram að þessu hafa mikið heyrnarskertir/heyrnarlausir á Íslandi ekki fengið rittúlkun til félagslegra athafna. Táknmálstúlkun hefur verið í boði. Á Íslandi eru um 400 manns greindir heyrnarlausir og þeir komast ekki af án túlkunar við ýmsar athafnir daglegs lífs. Af þessum hópi er tæplega helmingur táknmálstalandi hinir nota íslensku sem samskiptamál. Rittúlkun leysir vanda þeirra sem tilheyra seinni hópnum.

Okkur hefur tekist að opna leiðir sem áður voru lokaðar. Rúmlega 50 einstaklingar hafa notið verkefnisins. Einkatúlkun hefur farið fram á almennum námskeiðum og við kirkjulegar athafnir, hóptúlkunir (með skjávarpa) hafa farið fram á fræðslufundum og í samvinnuverkefni okkar og „Mömmu eldhúss“ á Akranesi.

Samvinnuverkefnið við Akranes „Við byggjum brýr...“ hafði það áhugaverða markmið að byggja brýr á milli menningarheima. Þarna mættust ólíkir hópar sem eiga það sameiginlegt að þurfa að kljást við ákveðna hindrun í samskiptum og stundum er þeim mismunað. Samvinna milli þessara ólíku hópa gefur báðum hópunum tækifæri til að kynna sig, kynnast öðrum og lögð var áhersla á að þátttakendur væru virkir í fræðsluhlutverkinu. Við sýndum fram á að samskiptavandamálin eru vel yfirstíganleg, hóparnir náðu vel saman þrátt fyrir ólíkan bakgrunn og tungumál. Samvinna sem þessi gefur margfaldan ávinning, allir aðilar verða bæði í stöðu gefanda og þiggjanda, þeir eflast, fræðast og njóta.

Kynningin sem verkefnið í heild hefur skapað hefur skilað sér í breyttum viðhorfum til heyrnarskertra og aukinni þekkingu á aðgengismálum þeirra. Rittúlkun og mögnunarbúðnaður hefur verið sýnilegur meðal almennings og það vekur umræðu sem leiðir til aukins skilnings. Þátttakan veitir svo einstaklingunum tækifæri til fræðslu, nýrra kynna og að finna sig metinn sem jafningja. Það leiðir til vellíðunar, aukins sjálfstrausts og bættra lífsgæða.

**Project Title: Efforts to break the social isolation of hearing-impaired people and work against discrimination.**

**Grantee: Heyrnarhjalp, Icelandic Association of the hard of Hearing**

**Text interpretation**, a way of breaking the social isolation of hearing-impaired people and work against discrimination.

The objective of the project of Heyrnarhjálp was to open routes that have been closed to those who are hearing-impaired. Until now, hearing-impaired/deaf people in Iceland have not been offered text interpretation for social activity. Sign language interpretation has been available. In Iceland, roughly 400 people are diagnosed deaf and they must have the interpretation in various activities of daily life. Nearly half of this group uses sign language, the rest uses Icelandic as a communicative language. Text interpretation solves the problem of those belonging to the latter group.

We have managed to open routes that were previously closed. Over 50 individuals have benefitted from the project. Private interpretation has been offered at open courses and church activities, group interpretation (with an overhead projector) has been available at informative meetings and in our joint project with "mom's kitchen" in Akranes.

The joint project with Akranes "We build bridges ..." entailed the interesting goal of building bridges between cultures. Different groups met there, sharing the challenge of overcoming a certain barrier of communication and sometimes they tolerate discrimination. The co-operation of those different groups gives them both an opportunity to introduce themselves, meet others and it was emphasized that the participants should be active in the instructive role. We demonstrated that communication problems can easily be overcome, the groups were good together, despite their different backgrounds and languages. Such a co-operation offers multiple benefits, all parties are both giving and receiving, they become stronger, learned and enjoyed.

The promotion created by the project as a whole, has resulted in different attitudes towards hearing-impaired people and increased knowledge of their accessibility. Text interpretation and amplification device has been visible to the public and it raises a debate that leads to greater understanding. Participation provides the opportunity for individual learning, new encounters and sensing oneself valued as an equal. It results in well-being, increased confidence and improved quality of life.